

Stjórnarfundur Gígjunnar í Vodafonehúsinu, miðvikudaginn 29.janúar 2020 kl. 16.30

Mættar:

Kolbún Halldórsdóttir formaður
Hólmfríður Anna Aðalsteinsdóttir varaformaður
Astrid Sörensen gjaldkeri
Pernilla Rein ritar
Dagbjört Lára Ottósdóttir meðstjórnandi

Dagskrá fundar:

1. Tillaga um greiðslu vegna þátttöku stjórnarkvenna vegna landsmóts.
2. Önnur landsmótsmál
3. Önnur mál.

Upp hefur komið sú umræða hvort þær konur sem sæti eiga í stjórn Gígjunnar ættu að fá niðurfellingu mótsgjalda – að hluta til eða að fullu, vegna þátttöku á landsmótum Gígjunnar. Ákveðið var að leggja þetta fyrir næsta aðalfund til umræðu.

Kolbrún formaður sem á sæti í undirbúningsnefnd landsmótsins sagði frá undirbúningi og stöðu mála við þá framkvæmd alla. Allt er að smella saman og greinilegt að mikil vinna er að baki. Ljóst er að þetta verður hið glæsilegasta mót og mikil tilhlökkun.

Kolbrún sagði að væntanlega verði selt inn á tónleika kóranna í Hörpu og Háskólabíó og verður þá eitt gjald sem gildir á báðar uppákomurnar.

Einnig var rædd sú hugmynd að sleppa svokölluðum félagsfundi sem hefur verið haldinn til þessa þar sem ekki er sýnt að það sé að skila tilætluðum árangri og/eða þeim hljómgrunni sem vonast er eftir og því ákveðið að sleppa honum núna. Einnig var rætt hvort tími sé fyrir formannafund sem líka hefur verið fastur liður á mótum, en ákveðið að halda honum og gefa kannski örlítið rýmri tíma.

Kórstjórafundur verður haldinn og rætt hvort hægt sé að fá einhvern áhugaverðan fyrirlesara til að koma.

Kvennakór Reykjavíkur sendi inn umsókn um styrk vegna landsmótslags og var sú umsókn samþykkt. Samkvæmt reglum Tónverkasjóðs Gígjunnar er heimild fyrir því að veita styrk er hljóðar upp á þriðjung kostnaðar vegna tónverks sem samið er.

Fleira ekki rætt og fundi slitið kl. 18.00
Fundargerð ritar Dagbjört L. Ottósdóttir